

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Sigríði Á. Andersen
um skattundanþágur vegna innflutts lífeldsneytis.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve háum fjárhæðum nema undanþágur frá sköttum, þ.e. hvers kyns niðurfelling eða endurgreiðsla á vörugjöldum, olúgjaldi og kolefnisgjaldi að viðbættum virðisaukaskatti, vegna innflutnings á lífeldsneyti á borð við etanol og hvers kyns lífdísil á árunum 2012–2015?

Við vinnslu svarsins var lagt til grundvallar að með lífeldsneyti væri átt við eldsneyti sem fellur undir skilgreiningu 3. tölul. 2. gr. laga nr. 40/2013, um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi, þ.e. endurnýjanlegt eldsneyti í formi vökva eða gass sem er unnið úr lífmassa. Í þessu samhengi er rétt að taka fram að *endurnýjanlegt eldsneyti* er í sömu lögum skilgreint sem eldsneyti sem er unnið úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Með *endurnýjanlegum orkugjöfum* er átt við orkugjafa sem ekki eru jarðefnaeldsneyti heldur eru af endurnýjanlegum uppruna, hvort heldur er af lífrænum eða ólífrænum, þ.e. vatnsorku, vatnsvarmaorku, jarðvarma, vindorku, sólarorku, sjávarorku, lífmassa, hauggas, lífgas og gas frá skólphreinsi-stöðvum.

Fyrirspurnin er afmörkuð við vörugjöld, olúgjald og kolefnisgjald vegna innflutnings og af því leiðir að hún nær aðeins til:

1. Íblöndunarefnis í bensín sem ekki er af jarðefnauppruna, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.
2. Olíu sem ekki er af jarðefnauppruna, sbr. 1. másl. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald.
3. Eldsneytis sem ekki inniheldur kolefni af jarðefnauppruna, þ.e. annars eldsneytis en gas- og dísilolíu, bensíns, brennsluolíu og jarðolíugass og annars loftkennds kolvatnsefnis.

Skilningur ráðherra er að markmið fyrirspurnarinnar sé að draga fram hverjar viðbótar-tekjur ríkissjóðs hefðu orðið ef undanþága frá skattlagningu á lífeldsneyti nyti ekki við. Rétt er að hafa í huga að orkuinnihald lífeldsneytis er annað en jarðefnaeldsneytis og því vart réttlæt看legt að gera ráð fyrir því að skattlagning á hvern lítra af lífeldsneyti hefði orðið sam-berileg skattlagningu á hvern lítra af jarðefnaeldsneyti. Til hægðarauka og til að sem réttust mynd fengist var magn lífeldsneytis í lítrum umbreytt þannig að orkuinnihaldi jarðefnaelds-neytis yrði náð. Útreikningurinn miðast því ekki við rauntölur innflutnings og notkunar líf-eldsneytis. Í fyrirspurninni er tekið fram að kolefnisgjald skuli tekið með í reikninginn og var það gert. Rétt er að setja þann fyrirvara að kolefnisgjald er lagt á miðað við kolefnisinnihald eldsneytis af jarðefnauppruna og hefði því að óbreyttu ekki verið lagt á lífeldsneyti. Sá hluti tekna sem reiknast samkvæmt svarinu hefði því ekki raungerst þó undanþága lífeldsneytis frá vörugjaldi og olúgjaldi hefði ekki notið við nema því aðeins að lífeldsneyti hefði alfarið verið skipt út fyrir jarðefnaeldsneyti.

Við vinnslu svarsins reyndist nokkuð örðugt að komast að haldbærri niðurstöðu og eru ástæður þess einkum tvær:

- A. Við innflutning á lífildsneyti sem er undanþegið sköttum er ekki gerður greinarmunur á því hvort eldsneytið er flutt inn sem eldsneyti eða sem efni til iðnaðarnota eða nota í iðnaðarframleiðslu. Þannig má sem dæmi nefna að verulegur hluti innflutts etanóls er nýttur í iðnaðarframleiðslu.
- B. Engar upplýsingar liggja fyrir um magn lífildsneytis sem nýtt er til íblöndunar í dísilolíu sem er undanþegin olúgjaldi og væri þar með undanþegin olúgjaldi óháð því hvers konar eldsneyti er um að ræða.

Vegna óvissuþáttanna hér á undan leitaði ráðuneytið upplýsinga hjá Orkustofnun sem gefur út yfirlit um heildarsölu eldsneytis og notkun endurnýjanlegs eldsneytis. Telja verður að upplýsingar stofnunarinnar séu nokkuð áreiðanlegar enda er söluaðilum eldsneytis skylt að gera henni grein fyrir magni og hlutfalli alls endurnýjanlegs eldsneytis sem selt er til samgangna á Íslandi. Umtalsverðu munar hins vegar á innflutningstölum og notkunartölum frá Orkustofnun og eru á því ýmsar skýringar. Þar sem fyrirspurnin beinist einkum að innflutningi er í svarinu bæði byggt á upplýsingum frá tollstjóra, þ.e. innflutningstölum, og á notkunartölum frá Orkustofnun.

Að framangreindu sögðu er sundurliðað svar ráðherra, ásamt ítarupplýsingum, birt í eftirfarandi töflu. Þar kemur m.a. fram að áætlaðir eldsneytisskattar og -gjöld, að viðbættum virðisaukaskatti, á það magn jarðefnaeldsneytis sem svarar til orkugildis þess magns lífildsneytis sem flutt var inn eða notað á árinu 2015 hefðu numið 1,1–1,3 milljörðum kr.

Áætlað magn íblöndunarefna (þús.lítrar) ¹	Heimild	2012	2013	2014	2015
Íblöndunarefni í bensín	Tollstjóri	124	106	82	4.802
Íblöndunarefni í dísilolíu	Tollstjóri	0	3.787	9.194	13.958
Íblöndunarefni í bensín	Orkustofnun	.	.	.	2.481
Íblöndunarefni í dísilolíu	Orkustofnun	197	2.587	5.022	13.361
Samsvarandi magn bensíns og díselolíu (þús.lítrar) ²					
Bensín	Tollstjóri	82	70	54	3.151
Díselolía	Tollstjóri	0	3.472	8.428	12.795
Bensín	Orkustofnun	.	.	.	1.628
Díselolía	Orkustofnun	181	2.371	4.603	12.248
Vörugjöld á eldsneyti (kr./lítra) ³					
Gjöld á bensín		68,97	68,97	70,65	70,36
Vörugjald á bensín, almennt		24,46	24,46	25,06	24,96
Vörugjald á bensín, sérstakt		39,51	39,51	40,47	40,30
Kolefnisgjald á bensín		5,00	5,00	5,12	5,10
Gjöld á dísilolíu		60,63	60,63	62,09	61,84
Oliugjald		54,88	54,88	56,23	56,00
Kolefnisgjald á díselolíu		5,75	5,75	5,87	5,84
Reiknað vörugjald (ásamt VSK) á samsvarandi magn jarðefnaeldsneytis m.v. orkuinnihald (m.kr.)					
Íblöndunarefni alls	Tollstjóri	7	270	662	1.256
Íblöndunarefni í bensín	Tollstjóri	7	6	5	275
Íblöndunarefni í dísilolíu	Tollstjóri	0	264	657	981
Íblöndunarefni alls	Orkustofnun	14	180	359	1.081
Íblöndunarefni í bensín	Orkustofnun	.	.	.	142
Íblöndunarefni í dísilolíu	Orkustofnun	14	180	359	939

1. Íblöndunarefni í bensín er etýlalkóhól (tollskrárnúmer 2207 1000). Íblöndunarefni í díselolíu er lífðísilolía og blöndur hennar (tollskrárnúmer 3826 0000). Áætlað er að sá hluti heildarinnflutnings efnanna sem oliufélög flytja inn sé notaður sem íblöndunarefni í eldsneyti. Gert er ráð fyrir að 1 lítri lífðísilolíu og blandna hennar vegi að jafnaði 0,892 kg. Sýnt er áætlað magn íblöndunarefna bæði skv. gögnum Tollstjóra og Orkustofnunar. Gögn Tollstjóra tákna innflutning en gögn Orkustofnunar notkun og munar nokkru á þessu tvennu.

2. Magn íblöndunarefna er umreiknað yfir í samsvarandi magn bensíns og díselolíu m.v. orkugildi.

3. Á árinu 2014 breyttust fjárhæðir vörugjalda 1. janúar og 1. júní og því er hér miðað við tímavegið meðalvörugjald ársins.

Heimildir: Tollstjóri, Orkustofnun og útreikningar fjármála- og efnahagsráðuneytis.